

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Gunnar Ólafsson,
Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Við 6. mgr. 59. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Þessi ákvörðun dómara skal ekki hafa áhrif á mat á sannleiksgildi skýrslu vitnis.

Greinargerð.

Samkvæmt 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, getur dómari „ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess“. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að hinn ákærði sé viðstaddur skýrslutöku dómara af vitnum í opinberu máli sem höfðað er gegn honum.

Nýlega féll í Hæstarétti dómur (nr. 286/1999) í kynferðisbrotamáli þar sem ákærði var sýknaður af kæru um kynferðisbrot gegn dóttur sinni. Málið hafði í tvígang verið til meðferðar í héraðsdómi, en eftir fyrri meðferð þess þar þótti Hæstarétti að fleiri gögn skorti í málinu og ómerkti því dóm héraðsdóms. Í báðum tilvikum þegar héraðsdómur fjallaði um málið var ákærði látinn víkja úr þinghöldum á meðan kærandi gaf skýrslur sínar fyrir dómnum og var sú ákvörðun byggð á fyrrgreindri 6. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Fyrri ákvörðun héraðsdóms um að ákærði viki úr dómnum meðan kærandi gæfi skýrslu, kærði verjandi ákærða til Hæstaréttar 29. október 1997 og krafðist þess að þessi ákvörðun héraðsdóms yrði felld úr gildi. Hæstiréttur staðfesti ákvörðun dómara í dómi sínum nr. 449/1997 12. nóvember 1997. Í þessum dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Af hálfu ákæruvaldsins hefur fyrir Hæstarétti verið tekið undir ósk vitnisins um, að varnaraðili verði látinn víkja af dómþingi, á meðan það gefur skýrslu. Með því er látið í ljós, að ákæruvaldið sé reiðubúið að axla byrðina af því, að sönnunargildi skýrslunnar kunni ekki að verða hið sama og ef hún væri gefin að varnaraðila viðstöddum.“ (bls. 3234 í Hæstaréttardómi nr. 449/1997).

Þessi túlkun á lagaákvæðinu sem hér um ræðir er endurtekin í dómi Hæstaréttar nr. 286/1999 í sama máli.

Það er þessi skilningur Hæstaréttar, þ.e. að notkun framangreinds heimildarákvæðis kunni að rýra sönnunargildi skýrslu vitnis, sem er tilefni þess að frumvarp til laga um breytingu á lögnum um meðferð opinberra mála er flutt. Ætla verður að löggjafarvaldið hafi við setningu þessa heimildarákvæðis viljað tryggja að nærvera sakbornings hefði hvorki áhrif á framburð vitnis né íþyngdi því svo að það gæti ekki sagt satt og rétt frá málavöxtum. Sömuleiðis verður að ætla að vilji löggjafans hafi verið sá að þessi háttur á meðferð máls yrði ekki til að rýra sannleiksgildi framburðar vitnis við mat á sönnunarfærslu í málinu.

Umrætt heimildarákvæði hefur einkum verið notað í kynferðisbrotamálum. Eðli þeirra er að þolendur þeirra hafa mátt sæta mikilli valdniðslu og andlegu og stundum líkamlegu ofbeldi af hendi ákærða. Umrætt heimildarákvæði skiptir því sérstaklega miklu máli fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Sá skilningur Hæstaréttar að fjarvera hins ákærða þegar vitni, sem jafnframt er þolandi meints ofbeldis, gefur skýrslu sína í dómsal kunni að rýra sannleiksgildi framburðar þess getur jafnvel leitt til þess að þolendur treysti sér enn síður að kæra kynferðisbrotamál en nú er.

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, sem hér er lagt fram, er ætlað að tryggja að þegar 6. mgr. 59. gr laganna er beitt rýri það á engan hátt sönnunargildi framburðar vitnis, þó að skýrsla þess sé gefin að ákærða fjarverandi.